

Ed.

264. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hef ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um að

samþykkja gengisviðaukann eins og hann liggur fyrir. Það er kunnugt, að íupphafi var hann samþykktur með það fyrir augum að vera eingöngu tollhækkun til bráðabirgða, sem úr gildi gengi, þegar íslensk króna hækkaði i verði, en hefir síðan verið framlengdur ár frá ári, nema að því leyti, er vörutollurinn var undanþeginn honum 1926. Enda þótt rjett virðist, ef tollaleiðin á annað borð er farin, að tolla hátt ýmsar af þeim vörutegundum, sem gengisviðaukinn nær nú til, svo sem áfengi og tóbak, þá eru einnig aðrar vörutegundir, sem undir gengisviðaukann falla, sjerstaklega kaffi og sykur, sem óhæfilegt er að tolla svo sem gert er nú, þar sem þetta eru nauðsynjavörur almennings, og slíkur tollur kemur því æðiórjettlátlega niður. Jeg mundi geta sætt mig við framlengingu gengisviðaukans, vegna hins erfiða fjárhagsástands, því aðeins, að á fengjust þær breytingar, að kaffi og sykur yrði undanþegið honum, svo að tollur á þessum vörutegundum lækkaði um fimtung. Mundi tekjulækkun rikissjóðs af þessari breytingu nema um 200 þús. kr. Hefi jeg nú þegar borið fram frumvörp, sem fyllilega bæta upp þá tekjulækkun. Vil jeg því leggja til, að samþykkt verði við frv. svofeld

BREYTING:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Nái breyting þessi ekki fram að ganga, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Hjeðinn Valdimarsson.